Nr. 22 4. apríl 2002

# LÖG

**um breytingu á lögum nr. 29/1993,**
**um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laganna skal greiða 8,95 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni frá gildistöku laga þessara til loka júní 2002.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til tollafgreiddra en óseldra bensínbirgða sem til eru í landinu við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 4. apríl 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*